



Aðalfundur Jarðtæknifélagsins þriðjudaginn 29. apríl 2014, kl. 15:00

Fundarstaður er hjá Vegagerðinni Borgartúni 7,
fundarherbergið er Mótorskálinn, gengið inn frá portinu.

Dagsskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf skv. lögum félagsins

- 1 Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári.
- 2 Reikningar félagsins fyrir liðið starfsár.
- 3 Skýrslur og tillögur nefnda, ef kjörnar hafa verið.
- 4 Tillögur félagsstjórnar.
- 5 Lagabreytingar.
- 6 Kjör félagsstjórnar.
- 7 Kjör skoðunarmanna félagsreikninga
- 8 Önnur mál.

Erindi að loknum aðalfundarstörfum:

Yfirborðsbylgjuaðferðir til ákvörðunar á stífni lausra jarðlaga

Flytjandi: Elín Ásta Ólafsdóttir, meistaranemandi í HÍ

Jarðtæknifélag Íslands - The Icelandic Geotechnical Society

Aðsetur: Jarðtæknifélag Íslands
c/o Haraldur Sigursteinsson
Vegagerðin
Borgartún 7
IS 105 Reykjavík
Tel: + 354-522 1236
Tel: + 354-860 5606
e-mail: has@vegagerdin.is

Stjórn:
Haraldur Sigursteinsson, formaður
Fjóla Guðrún Sigtryggsdóttir, varaform.
Aldís Ingimarsdóttir, ritari
Þorri Björn Gunnarsson, gjaldkeri
Andrés Jónsson,
Magnea Huld Ingólfssdóttir
Sigurður Erlingsson



Jarðtæknifélag Íslands

Stofnað 18. október 1978

Haraldur Sigursteinsson (HS), formaður JTFÍ bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Hann lagði til að HS yrði fundarstjóri og Aldís Ingimarsdóttir (AI) fundarritari. Þessi tillaga var samþykkt. Fundarstjóri kynnti síðan dagskrá, benti á nýtt logo félagsins og stýrði fundi skv. útsendri dagskrá:

1 Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári

Formaður flutti skýrslu stjórnar.

Undanfarið ár hafa verið haldnir átta stjórnarfundir á árinu, þar af voru tveir símafundir.

Á póstlista félagsins eru nú 87 einstaklingar og fá þeir sendan þann póst sem stjórninni berst og varða áhugasvið félagsmanna. Stjórnin fjallaði töluvert um félagatal og félagsgjöld á árinu. Leitað var til stofanna og stórra verkfræðstofa um aðild þeirra að félaginu. Niðurstaðan varð sú að fimm fyrirtæki eru nú svokallaðir „aðalfélagar“ og greiða félagsgjöld sem eru kjölfestan í rekstri félagsins. Þessi fyrirtæki eru Efla, Mannvit, Verkís, Landsvirkjun og Vegagerðin. Starfsmenn aðalfélaga er í dag 44, og greiða ekki félagsgjöld sem einstaklingar, aðrir félagar á póstlista eru 43.

Félagið heldur úti tveimur heimasíðum en ákveðið var á árinu að kaupa lén fyrir félagið og annað fyrir NGM2016. Leitast er við að uppfæra þessar heimasíður og reynt er að hafa þær upplýsandi og lifandi með því að setja inn nýjstu fréttir tengdar jarðtækni. Heimasíða félagsins er á slóðinni: <http://www.jtfi.net/>

Norræna jarðtækniráðstefnan, **NGM 2016**, verður haldin hér á landi í 25.–27. maí 2016 og hefur Silfurbergið í Hörpu verið bókað vegna þess. Samið hefur verið við Athygli-ráðstefnuþjónustu til að sjá um ráðstefnuhaldið, annast utanumhald við skráningu og fleira. Heimasíða ráðstefnunnar er á slóðinni <http://www.ngm2016.com/>. Stjórnin sér um undirbúning og hefur sér til stuðnings ráðgjafanefnd. Búið er að fá tvo aðalfyrirlesara á ráðstefnuna og leggja drög að einum í viðbót. Einnig hefur forseti Evrópska jarðtæknisambandsins fallist á að vera viðstaddur og koma með innlegg.

Alþjóðlega jarðtækniráðstefnan var haldin í París í ágúst á síðasta ári, formaður sótti ráðstefnuna og sat fund fulltrúaráðs alþjóðasambandsins, **ISSMGE**, sem haldið var í tengslum við ráðstefnuna. NGM 2016 var kynnt með veggspjaldi í sýningabás alþjóðafélagsins og dreift var bókamerki til þess að minna á ráðstefnuna. Rætt var við fulltrúa **ISRM** en helstu stjórnarmenn þeirra voru á ráðstefnunni í París. Rætt var um félagsaðild Íslands að ISRM og endurvakningu á aðild okkar að sambandinu.

Jarðtæknifélag Íslands - The Icelandic Geotechnical Society

Aðsetur: Jarðtæknifélag Íslands
c/o Haraldur Sigursteinsson
Vegagerðin
Borgartún 7
IS 105 Reykjavík
Tel: + 354-522 1236
Tel: + 354-860 5606
e-mail: has@vegagerdin.is

Stjórn:
Haraldur Sigursteinsson, formaður
Fjóla Guðrún Sigtryggisdóttir, varaform.
Aldís Ingimarsdóttir, ritari
Þorri Björn Gunnarsson, gjaldkeri
Andrés Jónsson,
Magnea Huld Ingólfssdóttir
Sigurður Erlingsson



Félagið hefur keypt tvö eintök af nýrri bók sem kom út á síðasta ári: **GEOTECHNICAL ENGINEERING** sem er skrifuð af fyrirverandi forseta ISSMGE, Jean-Louis BRIAUD en hann áritaði bækurnar með kveðju til nemenda HR og HÍ. Markmiðið er að félagið gefi HR og HÍ þessar bækur og vill stjórnin með því leggja sitt að mörkum til að efla þekkingu ungs tæknifólks á sviði jarðtækni.

Norrænu jarðtæknifélögin hafa staðið saman að myndun norrænnar spegilnefndar vegna endurskoðunar á jarðtæknistaðlinum **EuroCode 7**. Fyrsti formlegi fundurinn í samstarfinu var haldinn í Stokkhólmi í janúar og sótti formaður fundinn. Síðan hefur verið haldinn símafundur og póstur gengið á milli um málið. HS og SE eru fulltrúar félagsins í þessum hóp.

Evrópuráðstefna fyrir ungt jarðtæknifólk er haldin annað hvert ár og verður næst haldin í **Barselona 2.–5. september**. Stjórnin lýtur á þessar ráðstefnur sem kjörið tækifæri fyrir ungt fólk í jarðtækni og hefur sett fram drög að reglum um styrkveitingar í þessu sambandi. Ákveðið hefur verið að veita einum aðila um 100.000 kr styrk til að sækja ráðstefnuna í Barcelona.

Næsta **Evrópuráðstefna jarðtæknifélaga verður haldin í Edinborg** í september á næsta ári og hafa verið lagðar fram fjórar greinar frá JTFÍ. Stefnt er að því að kynna NGM 2016 á ráðstefnunni.

JTFÍ hefur boðið félagsmönnum upp á eftirtalda **netfræðslufundi** í samvinnu við alþjóða jarðtæknifélagið og Vegagerðina, fundirnir fjölluðu um:

- Afvötnun og stöðugleika fláa - 29. maí 2013
- Afvötnun vega - 23. október 2013
- Lagfæring á malbiki - 5. desember 2013
- Áhrif breiðra dekkja á formbreytingar og niðurbrot vega - 9. janúar 2014

Eins og sést er heilmikið að gerast á sviði jarðtækni og því mikilvægt að fylgjast með á alþjóða vísu og ýta undir frekari menntun og áhuga á faginu.

2 Reikningar félagsins fyrir liðið starfsár

Þorri Björn Gunnarsson gjaldkeri félagsins gerði grein fyrir reikningum.

Tekjur félagsins byggjast annars vegar á ávöxtun á bankainnistæðu um það bil kr. 290.000,- og hins vegar á félagsgjöldum kr. 250.000 sem hafa verið innheimt. Árleg útgjöld eru árgjöld til þeirra alþjóðafélaga sem JTFÍ er aðili að, kaup á lénum og kaup á bókum.

Jarðtæknifélag Íslands - The Icelandic Geotechnical Society

Aðsetur: Jarðtæknifélag Íslands
c/o Haraldur Sigursteinsson
Vegagerðin
Borgartún 7
IS 105 Reykjavík
Tel: + 354-522 1236
Tel: + 354-860 5606
e-mail: has@vegagerdin.is

Stjórn:
Haraldur Sigursteinsson, formaður
Fjóla Guðrún Sigtryggisdóttir, varaform.
Aldís Ingimarsdóttir, ritari
Þorri Björn Gunnarsson, gjaldkeri
Andrés Jónsson,
Magnea Huld Ingólfssdóttir
Sigurður Erlingsson



Á komandi ári má gera ráð fyrir auknum kostnaði vegna norrænu ráðstefnunar, NGM, sem haldin verður hér á landi 2016. Innkoma félagsins var hærri en útgjaldaliðirnir og varð því 299.167,- króna hagnaður á rekstri félagsins á síðasta ári. Félagið á nú 5.991.077,- krónur inn á bankareikningi. Skoðunarmenn félagsins hafa farið yfir ársreikninginn. Reikningur samþykktur samhljóða.

3 Skýrslur og tillögur nefnda, ef kjörnar hafa verið

Fjóla Guðrún Sigtryggisdóttir, varaformaður, kynnti form á styrkveitingum til ungs jarðtæknifólks. Á þessu ári hefur verið veittur styrkur upp á kr. 100.000 og miðað er við slík styrkveiting geti verið árlega. Einnig er hugmynd um að veita styrk til ungs fólks sem er að vinna að lokaverkefni í jarðtækni, bergtækni eða mannvirkjajarðfræði.

4 Tillögur félagsstjórnar

- Félagsstjórn leggur til að innheimt verði árgjald, kr. 2.000,- fyrir almenna félagsmenn og starfsmenn aðalfélaga greiði ekki félagsgjöld. Samþykkt samhljóða.
- Ákvörðun um félagsgjöld á fyrra ári er felld úr gildi. Samþykkt samhljóða.

5 Lagabreytingar

Félagsstjórn lagði fram tillögu að breytingum á lögum sem send var út með fundarboðun. HS fór yfir helstu atriðin, þau rædd og lagfærð í samráði við fundarmenn.

Tillaga að breytingum á lögum var samþykkt samhljóða.

6 Kjör félagsstjórnar

Á síðasta ári voru kjörin til tveggja ára:

Magnea Huld Ingólfisdóttir, Verkís
Sigurður Erlingsson, HÍ
Þorri Björn Gunnarsson, Mannvit

Eftirtaldir stjórnarmenn hafa setið í stjórn í 2 ár.

Haraldur Sigursteinsson, Vg, formaður
Fjóla Guðrún Sigtryggisdóttir, HR
Aldís Ingimarsdóttir, HR
Andrés Jónsson, Verkís

Þau gefa öll kost á sér að sitja áfram í stjórn, lagt var til að þau verði aftur kosin til tveggja ára.

Samþykkt samhljóða

Jarðtæknifélag Íslands - The Icelandic Geotechnical Society

Aðsetur: Jarðtæknifélag Íslands
c/o Haraldur Sigursteinsson
Vegagerðin
Borgartún 7
IS 105 Reykjavík
Tel: + 354-522 1236
Tel: + 354-860 5606
e-mail: has@vegagerdin.is

Stjórn:
Haraldur Sigursteinsson, formaður
Fjóla Guðrún Sigtryggisdóttir, varaform.
Aldís Ingimarsdóttir, ritari
Þorri Björn Gunnarsson, gjaldkeri
Andrés Jónsson,
Magnea Huld Ingólfisdóttir
Sigurður Erlingsson



7 Kjör skoðunarmanna félagsreikninga

Skoðnarmenn félagsins eru tveir:

Jón Skúlason
Einar Einasson, Mannvit

Skv lögum skal einnig vera varamaður, lagt er til að Þorgeir S. Helgason (hjá Petromodel ehf) verði kosinn sem varamaður skoðunarmanna.

Samþykkt samhljóða

8 Önnur mál

HS afhenti fulltrúum HÍ (Sigurði Erlingssyni) og HR (Fjólu G Sigtryggisdóttur) bókina **GEOTECHNICAL ENGINEERING** sem skrifuð er af fyrirverandi forseta ISSMGE, Jean-Louis BRIAUD. Bækurnar eru áritaðar af höfundi með kveðju til nemenda HR og HÍ. Þau munu sjá um að bækurnar komist til bókasafna háskólanna svo þær nýtist nemendum í jarðtækni.

Kaffihlé

Fræðsluerindi: Elín Ásta Ólafsdóttir sem stundar meistaranám hjá HÍ, flutti erindi um verkefnið sitt sem fjallar um yfirborðsbylgjuaðferðir til ákvörðunar á stífni lausra jarðlaga og svaraði spurningum að flutningi loknum. Elín Ásta hefur fengið styrk upp á kr 100.000 til að fara á ráðstefnu ungs jarðtæknifólks í september á þessu ári til að flytja erindi sitt.

Á fundinn mættu 13 félagsmenn.

Ritað/AI

Jarðtæknifélag Íslands - The Icelandic Geotechnical Society

Aðsetur: Jarðtæknifélag Íslands
c/o Haraldur Sigursteinsson
Vegagerðin
Borgartún 7
IS 105 Reykjavík
Tel: + 354-522 1236
Tel: + 354-860 5606
e-mail: has@vegagerdin.is

Stjórn:
Haraldur Sigursteinsson, formaður
Fjóla Guðrún Sigtryggisdóttir, varaform.
Aldís Ingimarsdóttir, ritari
Þorri Björn Gunnarsson, gjaldkeri
Andrés Jónsson,
Magnea Huld Ingólfssdóttir
Sigurður Erlingsson